

***BORGARRÁÐ 7. maí 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um synjun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á umsókn Ölgerðarinnar um áfengisveitingaleyfi vegna mótuneytis - R20050005***

Flokkur fólksins veltir fyrir sér af hverju Slökkvilið höfuðborgarsvæðis neitar Ölgerðinni um áfengisleyfi þegar heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi veita það. Um er að ræða framlengingu á leyfi? Segir að umbeðin gögn hafa ekki borist. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sem hann sjái ekki oft mál sem þetta, þar sem bæði heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi hafi veitt jákvæða umsögn en Slökkviliðið neikvæða. Þetta fyrirtæki er að sækja um framlengingu á tímabundnu áfengisleyfi. Hverjar eru mögulegar athugasemdir slökkviliðsins og af hverju vega þær svo þung að ekki er hægt að framlengja leyfið þegar byggingarfulltrúi og heilbrigðiseftirlit hafa veitt leyfi? Óskað er skýringa.